

varnarlaun skipaðs verjanda, Guðjóns Steingrímssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. október 1961.

Nr. 20/1959. **Eyjólfur Þórarinnsson** (Ragnar Jónsson hrl.)
 gegn
Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka
 (Eyjólfur K. Jónsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
 Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theo-
 dór B. Lindal.

Félagsréttindi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 181.791.39, til vara lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar, ásamt 6% ársvöxtum frá 19. marz 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, en til vara lækkunar á kröfum áfrýjanda, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Eyjólfur Þórarinnsson, greiði stefnda, Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara og
prófessors Theodórs B. Línals.

Eins og mál þetta er lagt fyrir dómstóla, þykir verða að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Til hins stefnda félagsskapar var stofnað meðal annars í því skyni að tryggja þátttakendum sérstaka og betri aðstöðu til starfa fyrir varnarliðið en utanfélagsmenn fengu notið. Rafvirkjameisturunum var því mikilsvert að eiga greiðan aðgang til þátttöku.

Réttarstaða þeirra, er hlut áttu að máli, var hins vegar eigi skýr að lögum, og auk þess virðist stjórn samtakanna hafa verið nokkuð tvíráð um það, hvernig inngöngu áfrýjanda skyldi hagað.

Að þannig vöxnu máli teljum við rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð okkar er því:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1958.

Mál þetta, sem var dómtekið 19. f. m., hefur Eyjólfur Þórarinsson rafvirkjameistari, Keflavík, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. marz 1956, gegn stjórn Rafvirkjadeildar Sameinaðra verktaka f. h. deildarinnar, þeim Johan Rönning rafvirkjameistara, Bústaðabletti 17, Vilberg Guðmundssyni rafvirkjameistara, Sörlaskjólí 22, og Þórði Finnbogasyni rafvirkjameistara, Egilsgötu 30, öllum hér í bænum, til greiðslu á kr. 181.791.39 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu og málskosnaðar, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að hann hafi flutzt frá Akureyri til Keflavíkur vorið 1954. Hafi hann hugsað sér að fá vinnu í iðngrein sinni hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og annars staðar, þar sem framkvæmdir væru á þess vegum, en brátt hafi hann orðið þess vísari, að hann fengi ekki að starfa fyrir varnarliðið, nema hann væri meðlimur í Rafvirkjadeild

Sameinaðra verktaka, er honum hafi skilizt njóta einkaleyfis ríkisstjórnarinnar til samninga við varnarliðið fyrir hönd þess-
 arar iðngreinar og að hverjum einstökum rafvirkjameistara væri
 því óheimilt að vinna fyrir varnarliðið í eigin nafni eða semja
 við það. Kveðst stefnandi hafa talið slíka skipan mála því aðeins
 lögmæta, að allir rafvirkjameistarar hefðu jafnan rétt til þeirrar
 vinnu, sem til félli hjá varnarliðinu, og að þeir ættu þar af
 leiðandi rétt til að verða meðlimir samtakanna, jafnskjótt og
 þeir sæktu um það og tjáðu sig reiðubúna til að greiða að sínu
 leyti sameiginlegan kostnað, sem af vinnumiðluninni stafaði.
 Kveðst hann því hafa sótt um inngöngu í samtökin þegar um
 vorið 1954, en segir, að þeirri beiðni hafi ekki verið sinnt. Hins
 vegar hafi sér tekizt að útvega sér vinnu hjá öðrum fram til 1.
 október 1954, og hafi hann því ekki haft tjón af þessu til þess
 tíma. En síðan hafi liðið svo mánuðirnir október og nóvember
 og tólf dagar af desember, að hann hafi enn ekki fengið inn-
 göngu. Allt það tímabil kveðst hann hafa verið vinnulaus, þótt
 verkefni hafi verið næg hjá varnarliðinu. Telur stefnandi stefnda
 skylt að bæta það atvinnutjón, er hann kveðst hafa beðið. Fjár-
 hæð bótakröfunnar verður rakin síðar. Stefnandi skýrir svo frá,
 að hann hafi fengið vinnu fyrir lærling á sínum vegum hinn 22.
 nóvember 1954, og hafi lærlingur þessi haft vinnu í Hornafirði
 hjá varnarliðinu til 29. janúar 1955, en þann dag hafi hann ver-
 ið látinn hætta vinnu fyrirvaralaust og án tilefnis. Telur stefnandi
 sig hafa beðið tjón af brottvikningu lærlingsins og að stefnda
 sé skylt að bæta það. Fjárhæð bótakröfunnar verður skýrð síðar.
 Stefnandi kveðst sjálfur hafa fengið verk að vinna hinn 13. des-
 ember 1954 og hafa haldið því áfram til 8. janúar 1955, en þann
 dag hafi honum verið tjáð, að „vinnukvóti“ hans væri búinn og
 hann verið látinn hætta. Kveðst hann hafa misst við þetta vinnu
 í þrjá daga (8., 9. og 10. janúar 1955) og telur stefnda skylt að
 bæta það tjón, er hann hafi beðið af þeim sökum. Bótakrafan
 verður greind síðar. Þegar hér var komið, kveðst stefnandi hafa
 orðið að taka þann kost að ráða sig til starfs hjá manni, sem
 stefnda taldi fullgildan meðlim, og vann stefnandi hjá manni
 þessum um tímabilið frá 11. janúar til 30. júní 1955. Lét maður
 þessi stefnanda eftir 90% af því kaupi, sem stefnandi vann fyrir.
 Telur stefnandi stefnda skylt til að bæta þau 10%, er hann fór
 á mis við. Fjárhæðin verður rakin síðar. Að þessum tíma liðn-
 um hætti stefnandi að starfa á vegum stefnda og vann annars
 staðar fyrir jafnháum launum og hann telur sig myndu hafa

haft þar. Sé því að þessu leyti ekki um tjón að ræða eftir 30. júní 1955, er stefndi beri ábyrgð á, annað en það, er stafa kynni af því, að hann hefur farið á mis við hagnað af sölu efnis til varnarliðsins og ekki haft tekjur af störfum lærlings síns eða lærlinga, og áskilur hann sér rétt til heimtu bóta síðar af þessum sökum. Stefnandi kveðst ekki hafa látið af tilraunum sínum til að fá viðurkenningu sem fullgildur meðlimur stefnda, þótt hann hætti þar störfum. Kveðst hann hafa talið sig eiga að vera og hafa verið fullgildur meðlimur, en talið framferði forráðamanna stefnda benda til, að þeir áliti annað. Hafi hann því farið á aðalfund stefnda, er haldinn var í febrúar 1956, og gert þar fyrirspurn um það, hvort hann væri meðlimur, en sér hafi þá verið tjáð, að svo væri ekki. Hafi þetta verið bókað í fundargerð, en hann síðan vikið af fundi. Telur stefnandi allt framferði stefnda við sig og hina síðast greindu brottvikningu bera vott um slíka lítilsvirðingu og hafa valdið slíkum miska, að hann eigi rétt til bóta fyrir.

Af framanskráðri lýsingu stefnanda á málavöxtum sést, að hann byggir kröfur sínar á hendur stefnda á því, að hann hafi átt rétt til inngöngu í samtökin, enda hafi verið við honum tekið, svo sem sjá megi af því, að bæði fékk hann sjálfur þar vinnu, þótt um skamma stund væri, svo og lærlingur hans. Hann hefur og lagt fram til styrktar þessum málsástæðum yfirlýsingu af hálfu stefnda, dagsetta 11. marz 1955, um það, að stefnandi hafi „fullnægt skilyrðum sínum um inntökugjald í deildina . . .“, bréf stefnda, dags. 1. júlí 1955, um, að samþykkt hafi verið að veita stefnanda inngöngu sem þátttakanda frá og með 1. júlí 1955 með þeim fyrirvara, að hann skrifi undir samþykktir deildarinnar og samþykki að inna af hendi greiðslur, sem þær leggi honum á herðar, og loks vottorð tveggja fyrrverandi stjórnarmanna stefnda um, að stefnandi hafi verið tekinn inn í samtökin haustið 1954. Telur stefnandi stefnda hafa gengið á rétt sinn sem félagsmanns með því að meina honum og lærlingi hans vinnu, eins og áður var lýst, og byggir á því bótakröfur sínar, er hann sundurliðar svo:

1. Bætur fyrir vinnutjón frá 1. október 1954 til 13. desember s. á., miðað við kr. 7000.00 á mánuði kr. 16.799.96
2. Bætur fyrir missi hagnaðar af vinnu lærlings í eitt ár frá 29. janúar 1955, 70% af kr. 84.000.00 eða — 58.800.00

- | | | |
|--|---|------------|
| 3. Bætur fyrir vinnutjón dagana 8.—10.
janúar 1955 að báðum meðtöldum .. | — | 699.99 |
| 4. Bætur fyrir að hann varð að láta 10%
af kaupi sínu tímabilið 11. janúar til
30. júní 1955 | — | 5.491.44 |
| 5. Bætur fyrir lítilsvirðingu og miska .. | — | 100.000.00 |

Samtals kr. 181.791.39

Stefnda skýrir þannig frá málavöxtum, að samtökin hafi verið stofnuð árið 1951 sem sjálfstæður verktaki innan Sameinaðra verktaka, er til var stofnað í samráði við og fyrir milligöngu ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt samþykktum stefnda geti þeir einir verið í samtökunum, sem séu löggiltir rafvirkjameistarar, hafi sjálfstæðan atvinnurekstur sem slíkir, enda hafi þeir menn í þjónustu sinni, og uppfylli skyldur sínar sem meðlimir Landsambands íslenskra rafvirkjameistara. Enn fremur þurfi þátttakendur að undirrita samþykktir stefnda og taka þar með á sig þær skyldur, er samþykktirnar krefjast, m. a. framlagningu tryggingarfjár o. fl. Kveður stefnda hverjum þeim aðilja hafa verið veitt innganga, er uppfyllt hafi skilyrði þessi og óskað hafi upp-töku. Telur stefnda skilyrði þessi mjög rúm og í alla staði í sam-ræmi við lög, venjur og starfsháttu íslenskra iðnaðarfyrirtækja. Um skipti sín við stefnanda skýrir stefnda frá því, að beiðni hans um inngöngu hafi verið lögð fyrir aðalfund hinn 20. febrú-ar 1954, en hafi verið felld, þar eð hann hafi ekki fullnægt inn-tökuskilyrðum þeim, sem nú var lýst. Hinn 15. maí 1954 hafi enn borizt umsókn frá stefnanda og þá sem eiganda Raftækja-vinnustofu Keflavíkur, en af umsókninni hafi ekki mátt ráða, hvort hann rak sjálfstæðan atvinnurekstur og hafði menn í þjónustu sinni, og hafi hann því verið beðinn um nánari skýr-ingar, en hann ekki orðið við því. Eftir þetta hafi hann fram í síðari hluta nóvember verið að ámálga inngöngubeiðni sína við stjórnarmenn stefnda, en þeir jafnan tjáð honum, að tilgangslaust væri fyrir hann að sækja um inngöngu, meðan hann hefði ekki mann eða menn í þjónustu sinni. Undir lok nóvembermánaðar hafi stefnandi skýrt frá því, að hann væri búinn að taka lærling, og hafi stjórn stefnda þegar samþykkt að taka lærlinginn til vinnu og sent hann til Hornafjarðar, þar sem hann vann, þar til honum var sagt upp í árslokin. Nokkru síðar en lærlingurinn hóf vinnu, var stefnanda veitt vinna, en síðar skyldi formlega gengið frá

inngöngu hans í samtökin. Áður en það kæmist í framkvæmd, var tilkynnt á fundi stefnda hinn 11. marz 1955, að stefnandi hefði gengið í samtökin. Kveður stefnda það hafa verið gert í trausti þess, að stefnandi hefði a. m. k. einn mann í þjónustu sinni og fullnægði með því frumskilyrði um inngöngu, en að öðru leyti hafi innganga stefnanda verið háð þeim fyrirvara, að formlega yrði gengið frá öðrum inntökuskilyrðum síðar. Stefnandi hafi því verið boðaður á aðalfund stefnda í maímánuði 1955, þótt ekki væri þá formlega búið að ganga frá inntöku hans. Eftir þenna aðalfund kveður stefnda félagsmenn hafa furðað á því, að stefnandi hélt áfram að vinna hjá einum félagsmanna í deildinni, og því leit stjórn stefnda svo á, að stefnandi myndi engan sjálfstæðan rekstur hafa með höndum, enda hafi þá verið komið á daginn, að hann hafi engan mann né lærling haft í þjónustu sinni. Í júnímánuði 1955 hafi stefnandi enn komið að máli við stjórn stefnda og tilkynnt, að hann hefði einn rafvirkja í þjónustu sinni, og nokkru síðar hafi hann lagt fram yfirlýsingu rafvirkja þessa til stuðnings þessari staðhæfingu. Stjórn stefnda hafi því enn tekið beiðni stefnanda til athugunar, samþykkt hana á grundvelli þessarar upplýsingar og síðan ritað stefnanda bréf það, dagsett 1. júlí 1955, er greint var hér að framan. Síðar hafi stjórnin orðið þess áskynja, að rafvirki þessi hefði aldrei verið í þjónustu stefnanda, og hafi hvort tveggja verið rangt, staðhæfing stefnanda og yfirlýsing rafvirkjans. Hins vegar hafi stefnandi ekki látið til sín heyra, fyrr en hann kom á aðalfund stefnda hinn 18. febrúar 1956. Þar hafi honum verið tilkynnt, að hann hefði aldrei komið á félagsskrá, enda aldrei uppfyllt inntökuskilyrði þau, er samþykktirnar setja.

Stefnda byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi aldrei fullnægt inngönguskilyrðum, en hafi í rauninni verið veitt inngönguheimild tvisvar, en í bæði skiptin fyrir rangar upplýsingar af hans hálfu um mannahald. Leggur stefnda áherzlu á það, að í ljós hafi komið, að „lærlingur“ sá, er fyrr getur, hafi aldrei starfað undir handleiðslu stefnanda og að enginn námssamningur hafi verið gerður með þeim. Hafi „lærlingurinn“ og stefnandi því báðir fengið vinnu hjá stefnda á röngum forsendum, meðan beiðni var eftir formlegri afgreiðslu á inngöngubeiðni stefnanda. Telur stefnda því ljóst, að stefnandi eigi enga bótakröfu fyrir það, að honum var eigi veitt viðtaka. Til vara hefur stefnda mótmælt hverjum lið bótakröfu stefnanda sem röngum, órökstuddum og úr hófi háum. Í sambandi við 1. lið hefur stefnda bent á, að ekki hafi

komið til álita, að stefnandi tæki til starfa sem þátttakandi í samtökunum, fyrr en hann hefði ráðið mann eða menn í þjónustu sína, en hann hafi ekki haldið því fram, að svo væri, fyrr en undir lok nóvember, og skömmu síðar hafi stefnanda sjálfum verið veittur „vinnukvóti“ til 8. janúar 1955. Tekur stefnda fram, að fleiri en stefnanda hafi verið veittur „vinnukvóti“, meðan þeir voru að sækja um inngöngu. „Kvótinn“ sé miðaður við starfsmannahald félagsmanna og því lægri fyrir þá, sem fáa starfsmenn höfðu. Eiga þessi atriði og við 3. kröfuliðinn. Í sambandi við 2. kröfulið leggur stefnda áherzlu á, að stefnandi hafi yfirleitt engan lærling haft á því tímabili, sem krafan er við miðuð. Um 4. lið vísar stefnda til þess, að alls óvíst sé, að stefnandi hefði borið meira úr bítum á því tímabili, er þar greini, þótt hann hefði verið fullgildur meðlimur stefnda. Stefnda mótmælir 5. kröfuliðnum sem algerlega tilhæfulausum og rakalausum.

Samkvæmt samþykktum stefnda, er lagðar hafa verið fram í máli þessu, eru skilyrði til þátttöku í samtökunum þau hin sömu, sem rakin voru í málavaxtalýsingu stefnda hér að framan, og er ekki vefengt, að þau skilyrði hafa verið í gildi, er stefnandi óskaði inngöngu. Í 10. gr. samþykktanna segir m. a.: „Stjórnin ræður og útvegar allt vinnuafli til framkvæmdanna þannig, að þátttakendur leggja til vinnuafli sem næst í hlutfalli við starfsmannahald samkvæmt skýrslu Rafmagnsveitu Reykjavíkur eða rafveitna annars staðar á landinu.“ Af því, sem rakið hefur verið hér að framan um tildrög máls þessa, er ljóst, að réttur stefnanda til inngöngu í samtökin hefur fyrst og fremst verið því háður, að hann hefði í þjónustu sinni rafvirkja eða nemanda í iðninni og gæti þannig lagt samtökunum til vinnuafli og mætti teljast hafa sjálfstæðan atvinnurekstur sem rafvirkjameistari. Því hefur verið lýst hér að framan, að stefnda mótmælir því eindregið, að stefnandi hafi fullnægt þessum frumskilyrðum, og verður að telja, að sönnunarbyrðin að þessu leyti hvíli á stefnanda. Hann hefur ekki lagt fram nein örugg sönnunargögn um þessi atriði, er taki til þess tímabils, er hér ræðir um, en hins vegar liggja frammi ýmis gögn frá opinberum aðiljum, er veikja verulega staðhæfingar stefnanda. Honum hefur því eigi tekizt að sanna, að grundvöllur sé fyrir hendi, er byggja megi á bótaskyldu stefnda, og ber því að taka til greina sýknukröfu stefnda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnda, Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Eyjólfss Þórarinssonar, í máli þessu, en málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 20. október 1961.

Nr. 165/1960. **Björn Pálsson** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

H/f Eimskipafélagi Íslands

(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1960 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 292.832.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. október 1956 til 21. febrúar 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Björn Pálsson, greiði stefnda, h/f Eimskipafélagi Íslands, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.